

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1465**2023/EES/30/45****frá 5. september 2022****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, inniheldur m.a. nokkur bragðefni þar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var ekki fær um, þegar skráin var samþykkt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 872/2012, að útiloka öryggisáhættu fyrir heilbrigði neytenda á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og taldi því að viðbótargagna væri þörf til að ljúka mati á þeim. Þessum efnum var bætt á skrá Sambandsins yfir bragðefni en með því skilyrði að öryggisgögn, þar sem fjallað væri um áhyggjuefni sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi, yrðu lögð fram áður en sértæku frestirnir, sem komið var á í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, rynnu út. Meðal efna sem eru á skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni en eru auðkennd með vísun í neðanmálgrein þar sem krafist er að Matvælaöryggisstofnunin ljúki við matið eru eftirfarandi fimm efni í mati á hópi bragðefna 208 (FGE.208), þ.e. p-menta-1,8-díen-7-ól (FL-nr. 02.060), mýrtenól (FL-nr. 02.091), mýrtenal (FL-nr. 05.106), p-menta-1,8-díen-7-ýlasetat (FL-nr. 09.278) og mýrtenýlasetat (FL-nr. 09.302). Matvælaöryggisstofnunin fór fram á viðbótarvísindagögn sem umsækjendurnir lögðu fram síðar.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu 24. júní 2015 ⁽⁴⁾ að dæmigerða efnið í hópnum, p-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117), hafi erfðaeiturhrif í lífi og því teljist notkun þess sem bragðefnis vera öryggisvandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2022, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 208, Revision 1 (FGE.208Rev1): Consideration of genotoxicity data on representatives for 10 alicyclic aldehydes with the α,β -unsaturation in ring/side-chain and precursors from chemical subgroup 2.2 of FGE.19.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4173, 28 bls., doi:10.2903/j.efsa.2015.4173. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

- 6) Í kjölfar þessa álits tók framkvæmdastjórnin þetta efni af skrá Sambandsins yfir bragðefni með reglugerð (ESB) 2015/1760 ⁽⁵⁾.
- 7) Þar eð *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-nr. 05.117) er dæmigert fyrir fjögur önnur efni sem tilheyra mati á hópi bragðefna 208 (FGE.208) tók framkvæmdastjórnin þessi fjögur efni enn fremur af skrá Sambandsins með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/637 ⁽⁶⁾.
- 8) Að því er varðar *p*-menta-1,8-díen-7-ól (FL-nr. 02.060), mýrtenól (FL-nr. 02.091), mýrtenal (FL-nr. 05.106), *p*-menta-1,8-díen-7-ýlasetat (FL-nr. 09.278) og mýrtenýlasetat (FL-nr. 09.302) tilgreindu umsækjendurnir um þessi efni að þeir hefðu hafið tilteknar, einstakar rannsóknir á eiturhrifum á þeim til að fjalla um áhyggjuefnið sem Matvælaöryggisstofnunin lét í ljós í áliti sínu frá 24. júní 2015. Umsækjendurnir skuldbundu sig til að leggja fram umbeðin ný gögn fyrir 30. apríl 2016.
- 9) Meðan beðið er eftir að Matvælaöryggisstofnunarinnar leggi mat á þessi efni, endanlegu fullnaðarmati á þeim samkvæmt málsmeðferð nefndar Matvælaöryggisstofnunarinnar og að lokið verði reglusetningarferli sem fylgir í kjölfarið samþykktu framkvæmdastjórnin reglugerð (ESB) 2016/1244 ⁽⁷⁾ þar sem notkun þessara bragðefna er takmörkuð en um leið er þeirri stöðu sem þau eru í, sem efni sem verið er að meta, viðhaldið.
- 10) Umsækjendurnir lögðu fram vísindalegar rannsóknir og önnur gögn sem skipta máli fyrir matið fyrir 30. apríl 2016.
- 11) Í álitum sínum frá 22. mars 2017 ⁽⁸⁾ og 11. desember 2018 ⁽⁹⁾ lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á framlögð gögn og frekari viðbótargögn, útlokaði áhyggjur varðandi erfðaeiturhrif þessara fimm efna og ákvað að hægt væri að meta þau samkvæmt málsmeðferðinni við mat á fyrirliggjandi bragðefnum sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 ⁽¹⁰⁾. Í þeim tilgangi úthlutaði Matvælaöryggisstofnunin þessum fimm efnum í mat á hópi bragðefna 73 (FGE.73). Í álitum sínum frá 19. september 2017 ⁽¹¹⁾ og 10. desember 2020 ⁽¹²⁾ uppfærði hún mötin á þessum hópi efna og komst að þeirri niðurstöðu að þessi efni hafi ekki öryggisvanda í för með sér. Þar voru einnig sett fram tilmæli um að breyta heiti og nákvæmum skilgreiningum nokkurra af þessum efnum.
- 12) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1334/2008 varð Matvælaöryggisstofnunin að ljúka mati á eftirfarandi 20 efnum í mati á hópi bragðefna 203 (FGE.203 1. endursk.): deka-2,4-díen-1-óli (FL-nr. 02.139), hepta-2,4-díen-1-óli (FL-nr. 02.153), hexa-2,4-díen-1-óli (FL-nr. 02.162), nóna-2,4-díen-1-óli (FL-nr. 02.188), hexa-2(trans),4(trans)-díenali (FL-nr. 05.057), trídeka-2(trans),4(cis),7(cis)-tríenali (FL-nr. 05.064), nóna-2,4-díenali (FL-nr. 05.071), 2,4-dekadíenali (FL-nr. 05.081),

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1760 frá 1. október 2015 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið *p*-menta-1,8-díen-7-al af skrá Sambandsins (Stjtið. ESB L 257, 2.10.2015, bls. 27).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/637 frá 22. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 24).

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1244 frá 28. júlí 2016 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni úr flokki með alfa-betaómattaðri byggingu (Stjtið. ESB L 204, 29.7.2016, bls. 7).

⁽⁸⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 208, Revision 2 (FGE.208Rev2): Consideration of genotoxicity data on alicyclic aldehydes with a,b-unsaturation in ring/side-chain and precursors from chemical subgroup 2.2 of FGE.19.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5):4766. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4766>

⁽⁹⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 208 Revision 3 (FGE.208Rev3): consideration of genotoxicity data on alicyclic aldehydes with alpha,beta-unsaturation in ring/side-chain and precursors from chemical subgroup 2.2 of FGE.19.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1):5569. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2019.5569>

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 frá 18. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna samþykktar matsáætlunar við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 (Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8).

⁽¹¹⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 73, Revision 4 (FGE.73Rev4): consideration of alicyclic alcohols, aldehydes, acids and related esters evaluated by JECFA (59th and 63rd meeting) destructor treated to Primitivo saturated or unsaturated alicyclic alcohols, aldehydes, acids and esters evaluated by EFSA in FGE.12Rev5.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5010. doi: 10.2903/j.efsa.2017.5010. Aðgengilegt á: www.efsa.europa.eu/efsajournal

⁽¹²⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 73, Revision 5 (FGE.73Rev5): consideration of alicyclic alcohols, aldehydes, acids and related esters evaluated by JECFA (59th, 63rd and 86th meeting) and structurally related to substances evaluated in FGE.12Rev5“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1):5970. doi: 10.2903/j.efsa.2020.5970. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

hepta-2,4-díenali (FL-nr. 05.084), penta-2,4-díenali (FL-nr. 05.101), úndeka-2,4-díenali (FL-nr. 05.108), dódeka-2,4-díenali (FL-nr. 05.125), okta-2(trans),4(trans)-díenali (FL-nr. 05.127), deka-2(trans),4(trans)-díenali (FL-nr. 05.140), deka-2,4,7-tríenali (FL-nr. 05.141), nóna-2,4,6-tríenali (FL-nr. 05.173), 2,4-oktadíenali (FL-nr. 05.186), tr-2,tr-4-nónadíenali (FL-nr. 05.194), tr-2,tr-4-úndekadíenali (FL-nr. 05.196), og hexa-2,4-díenýlasetati (FL-nr. 09.573). Matvælaöryggisstofnunin fór fram á viðbótarvísindagögn sem umsækjendurnir lögðu fram síðar.

- 13) Efnin hexa-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.057) og deka-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.140) voru notuð sem dæmigerð efni fyrir þennan hóp efna og gögn um eiturhrif voru lögð fram fyrir þau.
- 14) Í vísindalegu álitinu frá 26. mars 2014 ⁽¹³⁾ lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu að hún gæti ekki útilokað öryggisvanda fyrir bæði dæmigerðu efnin í hópnum. Matvælaöryggisstofnunin gat því ekki lokið við mat á efnunum sem tilheyra hópnum FGE 203.
- 15) Umsækjendurnir um þessu efni tilgreindu að þeir hefðu hafið margs konar sértækar eiturhrifarannsóknir á efnunum í þessum hópi til að fjalla um áhyggjuefnin sem Matvælaöryggisstofnunin lét í ljós í álitinu frá 26. mars 2014.
- 16) Matvælaöryggisstofnunin fór fram á frekari gögn um auðkenni og lýsingu á eiginleikum og einnig gögn um framleiðslumagn og inntekið magn til að unnt væri að framkvæma viðeigandi mat á váhrifum til að meta að fullu öryggi þessara efna.
- 17) Umsækjendurnir skuldbundu sig til að leggja fram umbeðin ný gögn fyrir 30. september 2016. Meðan beðið er eftir framlagningu viðbótargagna, að Matvælaöryggisstofnunin leggi mat á erfðaeiturhrif þessara efna, endanlegu fullnaðarmati á þeim samkvæmt málsmeðferð nefndar Matvælaöryggisstofnunarinnar og að lokið verði reglusetningarferli sem fylgir í kjölfarið samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð (ESB) 2017/378 ⁽¹⁴⁾ þar sem notkun þessara efna er takmörkuð en um leið er þeirri stöðu sem þau eru í, sem efni sem verið er að meta, viðhaldið.
- 18) Umsækjendurnir lögðu fram vísindalegar rannsóknir og gögn sem skipta máli fyrir þetta mat fyrir 30. september 2016.
- 19) Í álitinu frá 5. júní 2018 ⁽¹⁵⁾ lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á framlögð gögn, útilokaði áhyggjur varðandi erfðaeiturhrif þessara efna og ákvað að hægt væri að meta þau samkvæmt málsmeðferðinni við mat á fyrirliggjandi bragðefnum sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000. Í þeim tilgangi úthlutaði Matvælaöryggisstofnunin 16 af þessum efnunum í mat á hópi bragðefna 70 (FGE.70) og fjórum þeirra í mat á hópi bragðefna 05 (FGE.05). Í álitum sínum, sem voru samþykkt 5. júní 2019 ⁽¹⁶⁾ og 26. júní 2019 ⁽¹⁷⁾, uppfærði hún matið á efnunum í mati á hópi bragðefna 70, 1. endurskoðun (FGE.70 1. endursk.) og mati á hópi bragðefna 05, 3. endurskoðun (FGE.05 3. endursk.), eftir því sem við á. Að því er varðar efnin 16 í FGE 70, 1. endursk., komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þau hafi ekki öryggisvanda í för með sér og lagði fram tilmæli um að breyta heiti og nákvæmum skilgreiningum nokkurra af þessum efnunum. Að því er varðar efnin fjögur í FGE.05, 3. endursk., komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að þau hafi ekki öryggisvanda í för með sér og lagði fram tilmæli um að breyta heiti og nákvæmum skilgreiningum nokkurra af þessum fjórum efnunum.

⁽¹³⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 203 Rev 1 (FGE.203 Rev1): EFSA CEF Panel (Sérfræðinganevnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu), 2014. Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 203 Rev 1 (FGE.203 FGE.203Rev1): alpha,beta-unsaturated aliphatic aldehydes and precursors from chemical subgroup 1.1.4 of FGE.19 with two or more conjugated double-bonds and with or without additional non-conjugated double-bonds.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(4), 3626, 31 bls., doi:10.2903/j.efsa.2014.3626. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

⁽¹⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/378 frá 3. mars 2017 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (Stjtið. ESB L 58, 4.3.2017, bls. 14).

⁽¹⁵⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 203, Revision 2 (FGE.203Rev2): alpha,beta-unsaturated aliphatic aldehydes and precursors from chemical subgroup 1.1.4 of FGE.19 with two or more conjugated double-bonds and with or without additional non-conjugated double-bonds.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5322.

⁽¹⁶⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 70, Revision 1 (FGE.70Rev1): consideration of aliphatic, linear, α,β -unsaturated, di- and trienals and related alcohols, acids and esters evaluated by JECFA (61st-68th-69th meeting).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5749.

⁽¹⁷⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 5, Revision 3 (FGE.05Rev3): Branched- and straight-chain unsaturated aldehydes, dienals, unsaturated and saturated carboxylic acids and related esters with saturated and unsaturated aliphatic alcohols and a phenylacetic acid related ester from chemical groups 1, 2, 3, 5 and 15.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(8), 5761.

- 20) Því ætti að breyta A-hluta, I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.060 kemur eftirfarandi:

„02.060	p-menta-1,8-díen-7-ól	536-59-4	974	2024				EFSA“
---------	-----------------------	----------	-----	------	--	--	--	-------

b) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.091 kemur eftirfarandi:

„02.091	Mýrtenól	515-00-4	981	10285				EFSA“
---------	----------	----------	-----	-------	--	--	--	-------

c) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.139 kemur eftirfarandi:

„02.139	Deka-(2E,4E)-díen-1-ól	18409-21-7	1189	11748				EFSA“
---------	------------------------	------------	------	-------	--	--	--	-------

d) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.153 kemur eftirfarandi:

„02.153	Hepta-2,4-díen-1-ól	33467-79-7	1784					EFSA“
---------	---------------------	------------	------	--	--	--	--	-------

e) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.162 kemur eftirfarandi:

„02.162	Hexa-2,4-díen-1-ól	111-28-4	1174					EFSA“
---------	--------------------	----------	------	--	--	--	--	-------

f) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 02.188 kemur eftirfarandi:

„02.188	Nóna-2,4-díen-1-ól	62488-56-6	1183	11802	Að minnsta kosti 92%; efniþáttur í minna magni 3–4% 2-nónen- 1-ól			EFSA“
---------	--------------------	------------	------	-------	--	--	--	-------

g) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.057 kemur eftirfarandi:

„05.057	Hexa-2(trans),4(trans)-díenal	142-83-6	1175	640				EFSA“
---------	-------------------------------	----------	------	-----	--	--	--	-------

h) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.064 kemur eftirfarandi:

„05.064	Trídeka-2(trans),4(cis),7(cis)-tríenal	13552-96-0	1198	685	Að minnsta kosti 71%; efnisþættir í minna magni 14% 4-cis-7-cis-trídekadíenól; 6% 3-cis-7-cis-trídekadíenól; 5% 2-trans-7-cis-trídekadíenal; 3% 2-trans-4-trans-7-cis-trídekatrienal			EFSA“
---------	--	------------	------	-----	--	--	--	-------

i) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.071 kemur eftirfarandi:

„05.071	Nóna-2,4-díenal	6750-03-4	1185	732	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni 5–6% 2,4-nónadíen-1-ól og 1–2% 2-nónen-1-ól			EFSA“
---------	-----------------	-----------	------	-----	---	--	--	-------

j) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.081 kemur eftirfarandi:

„05.081	2,4-dekadíenal	2363-88-4	3135	2120	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni: blanda (cis, cis)-, (cis, trans)- og (trans, cis)- 2,4-dekadíenala (summa allra hverfna 95%), asetón og ísóprópánól			EFSA“
---------	----------------	-----------	------	------	--	--	--	-------

k) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.084 kemur eftirfarandi:

„05.084	Hepta-(2E,4E)-díenal	4313-03-5	1179	729	Að minnsta kosti 92%; efnisþættir í minna magni 2–4% (E,Z)-2,4-heptadíenal og 2–4% 2,4-heptadíensýra			EFSA“
---------	----------------------	-----------	------	-----	--	--	--	-------

l) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.101 kemur eftirfarandi:

„05.101	Penta-2,4-díenal	764-40-9	1173	11695				EFSA“
---------	------------------	----------	------	-------	--	--	--	-------

m) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.106 kemur eftirfarandi:

„05.106	Mýrtenal	564-94-3	980	10379				EFSA“
---------	----------	----------	-----	-------	--	--	--	-------

n) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.108 kemur eftirfarandi:

„05.108	Úndeka-2,4-díenal	13162-46-4	1195	10385				EFSA“
---------	-------------------	------------	------	-------	--	--	--	-------

o) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.125 kemur eftirfarandi:

„05.125	Dódeka-(2E,4E)-díenal	21662-16-8	1196	11758	Að minnsta kosti 85%; efnisþáttur í minna magni: 11–12% 2-snið-4-hliðhverfa			EFSA“
---------	-----------------------	------------	------	-------	---	--	--	-------

p) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.127 kemur eftirfarandi:

„05.127	Okta-2(trans),4(trans)-díenal	30361-28-5	1181	11805				EFSA“
---------	-------------------------------	------------	------	-------	--	--	--	-------

q) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.140 kemur eftirfarandi:

„05.140	Deka-2(trans),4(trans)-díenal	25152-84-5	1190	2120	Að minnsta kosti 90% af (E, E)-hverfu. 95% (summa hverfna)			EFSA“
---------	-------------------------------	------------	------	------	--	--	--	-------

r) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.141 kemur eftirfarandi:

„05.141	Deka-2,4,7-tríenal	51325-37-2	1786					EFSA“
---------	--------------------	------------	------	--	--	--	--	-------

s) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.173 kemur eftirfarandi:

„05.173	Nóna-(2E,4E,6E)-tríenal	57018-53-8	1785					EFSA“
---------	-------------------------	------------	------	--	--	--	--	-------

t) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.186 kemur eftirfarandi:

„05.186	2,4-oktadíenal	5577-44-6		11805	Að minnsta kosti 85% E,E með 10% E, Z			EFSA“
---------	----------------	-----------	--	-------	---------------------------------------	--	--	-------

u) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.194 kemur eftirfarandi:

„05.194	(2E, 4E)-nóna-2,4-díenal	5910-87-2		732	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni a.m.k. 5% 2,4-nónadíen-1-ól og 2-nónen-1-ól og aðrar hverfur 2,4-nónadíenals			EFSA“
---------	--------------------------	-----------	--	-----	--	--	--	-------

v) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 05.196 kemur eftirfarandi:

„05.196	(2E, 4E)-úndeka-2,4-díenal							EFSA“
---------	----------------------------	--	--	--	--	--	--	-------

w) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 09.278 kemur eftirfarandi:

„09.278	p-menta-1,8-díen-7-ýlasetat	15111-96-3	975	10742				EFSA“
---------	-----------------------------	------------	-----	-------	--	--	--	-------

x) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 09.302 kemur eftirfarandi:

„09.302	Mýrtenýlasetat	35670-93-0	982	10887				EFSA“
---------	----------------	------------	-----	-------	--	--	--	-------

y) Í stað færslunnar varðandi FL-númer 09.573 kemur eftirfarandi:

„09.573	Hexa-2,4-díenýlasetat	1516-17-2	1780	10675				EFSA“
---------	-----------------------	-----------	------	-------	--	--	--	-------